

132

15. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

Stafliðirnir A., B. og C. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 130 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 70 aurum á mánuði á hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 85 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á 135 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50 þús. kwst. ársnotkun á 60 aura hver kwst.		
Næstu	100	—————	55 ———
Næstu	100	—————	45 ———
Umfram	250	—————	40 ———

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á sömu gjaldskrá, nr. 30 25. febr. 1952.

Atvinnuálaráðuneytið, 15. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.